

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

25. maí.

Nr. 84.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Mosvallahreppi, V.-Ísafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt í V.-Ísafjarðarsýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

25. maí.

Nr. 85.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Aðaldælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt í Aðaldælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.